

## **Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs**

### **73. fundur haldinn að Lyngási, Egilsstöðum 19. nóvember 2015**

**Mættir:** Ruth Magnúsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Steingrímur Karlsson og Björn Ármann Ólafsson. F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs sátu fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir starfandi þjóðgarðsvörður og Sævar Þór Halldórsson. Forföll boðuðu Guðmundur Björnsson og Þórhallur Þorsteinsson.

#### **Dagskrá:**

1. Dagskrá fundarins
2. Ný lög um Vatnajökulsþjóðgarð
3. Stjórnun og verndaráætlun
4. Fjárhagsáætlun – staðan
5. Skýrsla þjóðagarðsvarðar
6. Önnur mál

#### **1. Dagskrá fundarins.**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana.

#### **2. Ný lög um Vatnajökulsþjóðgarð.**

Farið var ýtarlega yfir ný drög að lögum fyrir þjóðgarðinn.

Fundarmenn voru einróma um að í nýju drögunum sé valdsvið framkvæmdastjóra aukið um of og verulega dregið úr valdi stjórnar þjóðgarðsins, svæðisráða og þjóðgarðsvarða. Nauðsynlegt svæðisbundið sjálfstæði þjóðgarðsvarða og svæðisráða er í hættu og þannig geti skapast of mikil “miðstýring” miðað við núverandi tillögur að lögum. Það fyrirkomulag sem drögin gera ráð fyrir er í raun algjör kúvending frá því stjórnkerfi sem lagt var af stað með við stofnun garðsins.

Svæðisráð leggur til að framkvæmdarstjóri sé áfram ráðinn og vinni í umboði stjórnar en sé ekki ráðinn af ráðherra. Einnig er gerð athugasemd við 10. grein um ráðningu þjóðgarðsvarða, en fundarmenn telja eðlilegt að þeir skulu áfram verða ráðnir að tillögu svæðisráða.

Daglegur svæðisbundinn rekstur, lokanir og fleira þarf nú samkvæmt drögunum að gera í samráði við framkvæmdarstjóra. Fundarmenn ítreka að þjóðgarðurinn er á landsbyggðinni og mjög brýnt að starfsemin og stjórnun verði þar, enda voru það forsendurnar þegar Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður.

Fundarmenn eru ánægðir með viðauka um stjórnar og verndaráætlun en telja bráðabirgðarákvæðið óþarft og megi falla út.

Nauðsynlegt þykir að hafa inni endurskoðunarákvæði sem tryggir að endurskoðun þessara laga verði og unnin í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

#### **3. Stjórnunar- og verndaráætlun.**

Starfsmenn þjóðgarðsins nefna nokkur atriði til umhugsunar eins og að skilgreining á víðerni í lögum stangist á við víðerna skilgreiningu VJP. Aðgerðir við Hveragil, tjöldun í Hveragili og Kreppulindum og þurrsalerni við Kreppubrú þurfi að skoða.

Svæðisráð telur að við næstu endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar væri gagnlegt að fá “ritstjóra” til að stytta og skýra áætlunina umtalsvert, en mikið er um endurtekningar og flóknar lýsingar í þessu annars góða skjali.

#### **4. Fjárhagsáætlun – staðan**

Ekki er búið að gera upp árið en lítur út fyrir að tölur verði svipaðar og í fyrra.

Rekstraráætlun fyrir komandi ár er ekki tilbúin, enda fjárlög ekki endanlega samþykkt. Það liggur þó fyrir að 16 milljónir króna munu koma inn sem aukning á landvörslu í VJÞ. Skipting þessarar viðbótar milli svæða er í vinnslu.

Samningar, launaupplýsingar og útreikningar eru gerðir fyrir sunnan.

Þjóðgarðsverðir þyrftu ef vel ætti að vera að eiga greiðan aðgang að þessum upplýsingum, það styrkir yfirsýn yfir fjármál og bætir áætlanagerð fyrir svæðin.

Umræður spunnust um þann sívaxandi fjölda fólks sem streymir inn í þjóðgarðinn í gegnum Möðrudal og fundarmenn á einu máli um að nauðsynlegt sé að bæta við einum landverði staðsettum í Möðrudal, sumarið 2016. Leysa þyrfti úr bráðabirgðaaðstöðu fyrir landvörð þetta fyrsta sumar meðan leitað yrði framtíðarlausnar með húsakost. Leitað verði til sveitafélaganna á svæðinu um samstarf upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal, þar sem augljóst er að bætt upplýsingagjöf bætir þjónustu við ferðamenn og eykur gæði ferðaþjónustu á svæðinu.

Önnur forgangsmál eru aðstaða í Kverkfjöllum, brú á Blöndu, brú/hólkur á Volgu og að klára salernisaðstöðu í Snæfelli.

Farið yfir drög að bréfi er varðar áhyggjur svæðisráðs vegna áætlaðs framlags í fjárlögum til þjóðgarðsins. Samþykkt var að senda bréfið til þingmanna kjördæmisins.

## **5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**

Þessa dagana eru 3 starfsmenn, Ragna Fanney, Sóley og Sævar.

Deiliskipulagsvinna er í gangi v, Hátungna, Snæfells og Geldingafells. Í tengslum við það eru klósett í hönnun en breyta þarf þakinu svo það falli að útliti Snæfellsskála. Staðið hefur yfir viðhaldsvinna við skálann á gluggum og klæðningu.

Ragna Fanney sat í síðustu viku ársfund um friðlýst svæði, Áhugavert þótti Rögnu að fá að hitta og ræða við aðra af landinu um þessi mál.

Yfir stendur vinna við greiningu á landvörslustörfumog aðgerðaráætlun (forgangsröðun framkvæmda). Vakinn kom og tók út Snæfellsstofu og það kom vel út. Mörg verkefni sem bíða s.s.; ársskýrsla, aðgengi fyrir alla, bæklingamál, einnig er áhugi á að vinna fréttabréf og allir sammála um að það væri hið besta mál.

## **6. Önnur Mál.**

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Næsti fundur: Stefnt er á næsta fund svæðisráðs fimmtudaginn 17. desember kl. 16:30.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Steingrímur Karlsson